

Varnarinnviðir á Vestfjörðum í ljósi borgaralegra þarfa



Janúar 2026

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Formáli	4
1. Breytt öryggislandslag í Evrópu og varnartengdar fjárfestingar	5
2. Sjö grunnviðmið Atlantshafsbandalagsins um áfallapol	5
3. Skýrslur og áherslur stjórnvalda um varnarmál og áfallapol	7
4. 1,5% til varnartengdra fjárfestinga	8
5. Innviðir á Vestfjörðum.....	9
5.1. Búnaður og húsnæði björgunarsveita	10
5.2. Farnet á vegum og neyðarfjarskipti	11
5.3. Endurnýjun ljósleiðara og hringtengingar	12
5.4. Hvalárvirkjun	13
5.5. Viðhald flugvalla	15
5.6. Leiðsögukerfi fyrir flug og skip (EGNOS)	17
5.7. Tvöföldun Vesturlínu frá Kollafirði í Mjólka	18
5.8. Jarðgöng.....	19
5.9. Bíldudalsvegur.....	20
5.10. Innstrandavegur	21
5.11. Brúarsmíði yfir Gufufjörð og Djúpafjörð	21
5.12. Heilbrigðismál	22
5.13. Hafnabætur.....	22
5.14. Útvarp	22
Niðurstaða	23
Tenglar.....	24

Inngangur

Þessi skýrsla er ætlað að vera innlegg í umræðu um hvar uppbygging innviða með varnargildi og borgaralegra innviða á Vestfjörðum samnýtist best til að tryggja að samfélagslega mikilvægir innviðir haldi ef til spennu eða átaka kemur.

Skýrslan er tekin saman af Brynju Huld Óskarsdóttur öryggis- og varnarmálafræðingi, Aðalsteini Óskarssyni sviðstjóri byggðapróunar hjá Vestfjarðastofu og Gylfa Ólafssyni formanni stjórnar Vestfjarðastofu. Aðrir starfsmenn Vestfjarðastofu hafa komið að undirbúningi og yfirlestri hennar með ýmsum hætti.

Skýrslan er gefin út af Vestfjarðastofu í janúar 2026

Ábyrgðarmaður: Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir

Formáli

Varnartengdir innviðir á norðanverðum Vestfjörðum eiga langa sögu, herstöð á Darra, ratsjárstöð bandaríska flughersins á Straumnesfjalli og frá árinu 1992 hefur sjálfvirk ratsjárstöð verið rekin á Bolafjalli. Fjórar slíkar ratsjárstöðvar eru á Íslandi og gegna þær mikilvægu hlutverki í loftvarnarkerfi Atlantshafsbandalagsins, auk þess að gegna mikilvægu hlutverki fyrir flugleiðsögu og öryggisfjarskipti Íslands.

Þróun í alþjóðamálum hefur verið hröð síðustu misseri og óhætt að segja að öryggislandslag Evrópu hafi breyst mikið. Aukna togstreitu á alþjóðavettvangi og stórveldasamkeppni má sjá í hernaðaruppbyggingu, aukinni einangrunarhyggju, samkeppni um tækni með tvöfalt notagildi og breyttar áherslur í ríkjasamskiptum. Innrásarstríð Rússa í Úkraínu leiddi af sér sögulega stækkun NATO, þegar Finnland og Svíþjóð gengu í bandalagið. Þá hafa nýjar og sterkari áherslur Bandaríkjastjórnar í forsetatíð Donald Trump ýtt evrópskum ríkjum bandalagsins í að stórauka fjárútgjöld til varnarmála.

Á [leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í Haag](#) var söguleg aukning á framlögum bandalagsríkja til sameiginlegra varna bandalagsins samþykkt. Leiðtogarnir samþykktu að auka bein fjárframlög til varnarmála úr 2% í 3,5% af vergri landsframleiðslu og að því markmiði verði náð árið 2035. Því til viðbótar muni bandalagsríki verja 1,5% af vergri landsframleiðslu til varnartengdra fjárfestinga og framlaga sem styðja við áfallaþol, öryggi og varnir. Undir þann útgjaldalið geta fallið ýmskonar lykilinnviðir, samgöngumannvirki, netöryggi, löggæsla, landhelgisgæsla og eftirlit á landamærum svo dæmi séu nefnd.

Innviðir á Vestfjörðum hafa tekið stakkaskiptum undanfarinn áratug en hafa þó ekki náð að halda í takt við þróun annars staðar í landinu. Ljóst er að vægi lykilinnviða mun verða formfastari hluti af varnartengdum fjárfestingum. Mikilvægt er að Ísland haldi í takt við þá þróun, og Vestfirðir þar með taldir. Ísland er ekki undanskilið hræringum í alþjóðakerfinu og þarf að gæta þess að innviðir haldi komi til aukinnar spennu. Þar er lykilatriði að tryggja orku, fjarskipti, samgöngur og heilbrigðisþjónustu.

1. Breytt öryggislandslag í Evrópu og varnartengdar fjárfestingar

Í aðdraganda allsherjarinnrásar Rússa í Úkraínu í febrúar 2022, hafði bæði upplýsingaóreiðu og látlausum árásum á lykilinnviði, svo sem tölvukerfi og bankainnviði verið beitt í fjölþáttahernaði gegn landinu, til að veikja getu þess til að bregðast við allsherjar innrás. [Fjölþáttaógnir](#) eru samhæfðar og samstilltar aðgerðir óvinveittra ríkja sem á skipulagðan hátt beita fjölbreyttum aðferðum til að nýta sér kerfislæga veikleika lýðræðisríkja og/eða stofnana þeirra. Slíkar aðgerðir eru sálengari og skipa sífellt veigameiri sess í umræðum um öryggis- og varnarmál á alþjóðavettvangi sem og innan ríkja. Sterkt áfallapol er grundvallaratriði í að styrkja ríki í að geta varist fjölþáttaógnum, svo sem á lykilinnviði.

Aukin hnattvæðing hefur gert sumar aðfangakeðjur berskjaldaðri. Í nútímasamfélagi er svo að mikilvægir innviðir, þar með talið varnarinnsviðir, eru ekki einungis þeir sem tilgreindir voru sem slíkir samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu. Borgaralegir innviðir svo sem orku- og fjarskiptakerfi hafa í síauknu mæli tvöfalt notagildi og eru hryggjarstykki í nútíma samfélögum sem og nútímahernaði. Í því samhengi er skemmst að minnast skemmdarverka skuggahers Rússa, meðal annars á fjarskiptastrengjum, samgöngumannvirkjum og orkuinnviðum [víða um Evrópu](#). Að verjast fjölþáttahernaði sem beint er gegn lykilinnviðum er þáttur í að auka áfalla- og viðnámsþol þjóða.

Aldrei hefur verið mikilvægara að tryggja öruggari og skilvirkari rekstur fjarskipta- og almannapjónustu sem eru lykilinnviðir fyrir Ísland, þar með talið efla rekstraröryggi og skilvirkni innviða og stoðeininga sem eru grundvöllur nútíma samfélags. Borgaralegir innviðir þjónusta í mörgum tilvikum grunnkerfi einnig hernaðarlega innviði. Álag á borgaralega innviði hefur aukist undanfarin 10 ár vegna flóknara ógnalandslags og fjölgun fjölþáttaóгна.

Í takt við þennan breytta veruleika hefur Atlantshafsbandalagið undanfarin 10 ár aukið áherslu á áfallapol lykilinnviða, og á leiðtogafundi bandalagsins í júní 2025 í Haag, var samþykkt að ríki verðu 1,5% til varnartengdra fjárfestinga. Vinna við að móta ramma utan um fjárframlögin sem ætlað er að „[vernda mikilvæga innviði, verja kerfi, tryggja borgaralega viðbúnað og seiglu](#).“ fer fram í höfuðstöðvum NATO, en íslensk stjórnvöld á öllum stjórnsýslustigum ættu engu að síður að hefja vinnu við að greina hvaða innviðir teljast til þjóðhagslega mikilvægra innviða og eru þáttur í að tryggja áfallapol Íslands, og þar með bandalagsins í heild.

2. Sjö grunnviðmið Atlantshafsbandalagsins um áfallapol

Undanfarin áratug hefur verið aukin áhersla á borgaralegt áfallapol sem fyrstu varnarlinu samfélaga, þar til grundvallar eru sjö grunnviðmið Atlantshafsbandalagsins um áfallapol ([NATO Seven baseline requirements](#)). Viðmiðin eru hluti af skyldu hvers bandalagsríkis að vinna stöðugt að því að „varðveita og efla möguleika hvers um sig og allra í senn til þess að standast vopnaða árás“, eins og segir í [3. grein Atlantshafssáttmálans](#). Á grundvelli þessara sjö grunnviðmiða hafa bandalagsríki verið hvött til að móta eigin stefnu með aðgerðum til að styrkja áfallapol eigin samfélaga. Viðmiðin um áfallapol eru gerð með það í huga að lágmarka samfélagslega röskun við áföll. Í þeim felst að hægt verði að halda uppi samfélagslega mikilvægri starfsemi, svo sem orkuaðgengi, fjarskiptum, samgöngum og nauðsynlegri þjónustu, svo sem heilbrigðisþjónustu, hvort sem um hernaðarógn, netárás eða náttúruhamfarir sé að ræða.

Grunnviðmiðin sjö eru:

1. **Samfella í stjórnsýslu og lykilþjónustu stjórnvalda:** til að mynda getan til að eiga samskipti við almenna borgara á neyðar- eða krísutímum;
2. **Áfallapol orkuaðgengis:** að tryggja orkuöryggi og óhefta afhendingu, sem og varabirgðir til að bregðast við töfum;
3. **Skilvirk geta til að framkvæma ófyrirséða fólksflutninga:** getan til að stilla saman frjálsa fólksflutninga og/eða flutninga hermanna bandalagsins;
4. **Áfallapol matar- og vatnsaðfanga:** að tryggja áreiðanlegar matar- og vatnsbirgðir sem eru öruggar gagnvart skemmdarverkum eða töfum;
5. **Geta til að meðhöndla fjöldadauðsföll og heilbrigðisáföll:** að tryggja að heilbrigðiskerfið ráði við stóráföll og hafi nægar lyfjabirgðir;
6. **Áfallapolið borgaralegt fjarskiptakerfi:** að tryggja að fjarskiptakerfi, þar með talið internetið, og 5G standist álag á krísutímum og að varaleiðir séu tryggðar;
7. **Áfallapol borgaralegs samgöngukerfis:** að tryggja að varnarlið geti ferðast yfir landsvæði Atlantshafsbandalagsins með greiðum og hröðum hætti en á tryggja að borgaralegir innviðir geti reitt sig á samgöngukerfið á sama tíma.

Þau 1,5% af vergri þjóðarframleiðslu sem ríki eru nú hvött til að verja til varnartengdra fjárfestinga er að mörgu leyti til eftirfylgdar við þessi sjö grunnviðmið Atlantshafsbandalagsins.

Á Íslandi hafa dómsmálaráðuneytið og utanríkisráðuneytið ásamt embætti ríkislögreglustjóra verið þau embætti sem fara með ábyrgð á að auka áfallapol Íslands og tryggja að samhæfing sé um uppbyggingu sem styrkir áfallapol.

3. Skýrslur og áherslur stjórnvalda um varnarmál og áfallapol

Íslensk stjórnvöld hafa unnið og lagt fram ýmsar skýrslur og stefnur sem á einn eða annan hátt tengjast áfallapoli, vörnum og þjóðaröryggi.

Í desember 2022 kom út [Skýrsla um mat þjóðaröryggisráðs á ástandi og horfum í þjóðaröryggismálum](#). Efni hennar verður ekki endursagt hér, en kaflar 2 (áfallapol samfélagsins), 3 (um varnarmannvirki), 4 (öryggi landhelgi og landamæra), 7 (fjarskipti), 13 (orkukerfi) og 14 (samgöngur) hafa allir verið hafðir til hliðsjónar við mats þessarar samantektar um fjárfestingar til varnarinnviða á Vestfjörðum.

Í nýlegri skýrslu samráðshóps þingmanna um [Inntak og áherslur stefnu í varnar- og öryggismálum](#) er undirstrikað að Ísland búi að öflugu almannavarnarkerfi og viðbragðsgetu, en að horfa þurfi til áfallapols með heildrænum hætti og verja borgara fyrir hugsanlegum áföllum og tryggja lykilþjónustu á spennu- eða átakatímum. Skýrslan undirstrikar mikilvægi þess að tryggja skilvirka innleiðingu á áfallapoli og segir áætlanagerð um aukið áfallapol á grundvelli grunnviðmiðanna sjö þurfi að ná til samgönguinnviða, fjarskiptainnviða, orkuinnviða, fæðuaðfanga og heilbrigðisþjónustu.

Í skýrslunni *Inntak og áherslu í stefnu varnar- og öryggismálum* er enn fremur lögð áhersla á að auka þurfi fjárfestingar í innviðum sem „nýtast sem mest bæði til varnartengdra og borgaralegra verkefna og styðja við varnir Íslands, eftirlit og aðgerðir,“ og að tryggja þurfi „auknar fjárveitingar til varnartengdra og borgaralegra verkefna.“ Báðir þættir eru liður í því að gera Íslandi kleift að standa við innlendar og alþjóðlegar skuldbindingar á sviði eigin viðbúnaðar, varna og öryggis. Líklegt er að fælingarmáttur geti falist í því að borgaralegir innviðir og samfélagið allt séu áfallapolin.

Í skýrslunni er lögð áhersla á að geta til að verjast árásum á varnarmannvirki og borgaralega innviði, gæti haft úrslitaáhrif hvort árásir á slíka innviði yrðu yfir höfuð gerðar. Einnig kemur fram að samfélög sem búa yfir miklu áfallapoli séu síður búin veikleikum sem beita megj gegn þeim. Ísland býr almennt yfir miklu áfallapoli og almannavarnakerfið á er að jafnaði nokkuð sterkt. Við höfum t.d. mikla reynslu af viðbragði gegn veðurofsa, sem í sumum tilvikum setur sambærilegt álag á kerfi og langtíma fjölpáttaárásir gera. Þó að áfallapol Íslands sé almennt talið gott, þá má gera betur til að tryggja áfallapol á krísutímum.

Í desember 2025 kom út sameiginleg áfangaskýrsla dómsmálaráðuneytis og utanríkismálaráðuneytis, [Áfallapol á grundvelli viðmiða Atlantshafsbandalagsins](#). Þar er með kerfisbundnum hætti farið yfir helstu álitatriði í áfallapoli á Íslandi útfrá grunnviðmiðunum sjö, sem og sjónarhorni Evrópusambandsins. Skýrslan markar einn áfanga í „heildstæðri kortlagningu, stefnumótun og tillögu að aðgerðum til að efla samfélagslegt áfallapol Íslands“. Auk þessara skýrslna hefur mikið efni komið út á vegum Evrópusambandsins en látum við hér nægja að vísa til áfangaskýrslu um áfallapol.

4. 1,5% til varnartengdra fjárfestinga

Íslensk stjórnvöld hafa ekki gefið út skýrar línur um hvað muni teljast til 1,5% varnartengdra fjárfestinga í innviðum, en líklegt er að þar muni verkefni eins og aukin löggæsla, efling Landhelgisgæslunnar og Almannavarna, aukin áhersla á netvarnir, búnaðarkaup ásamt áherslu á að styrkja lykilinnviði og borgaralegan viðbúnað sem auka varnar- og viðbragðsgetu landsins vera í forgrunni. Ýmis varnarmannvirki eins og ratsjár, hafnir og flugvellar eru hernaðarlega mikilvæg á spennutímum, en þurfa einnig að geta annað borgaralegri umferð eða notkun á friðartímum.

Miðað við verga landsframleiðslu upp á 4600 ma.kr. árið 2024 eru 1,5% um 70 ma.kr. Bein útgjöld vegna varnarmála eiga samkvæmt samkomulagi NATO að verða 3,5% af VLF, en ekki er gert ráð fyrir að Ísland uppfylli þetta skilyrði enda starfrækja íslensk stjórnvöld ekki her í hefðbundnum skilningi. Langmest af því sem er til umfjöllunar í köflunum sem á eftir koma mun falla undir 1,5%, en í einhverjum tilvikum gætu það verið útgjöld sem falla undir 3,5% hlutann.

Til þess að tryggja að viðbúnaður og áfallapol bandalagsríkja teljist fullnægjandi, þurfa lykilinnviðir á Íslandi að standast ákveðið álag sem verður í spennuástandi og átökum. Ljóst er að sumir innviðir á Vestfjörðum eru ekki nægilega sterkir til að standast langvarandi álag eða átök, og því hætt við að Ísland uppfylli ekki 3. gr. Atlantshafssáttmálans um að tryggja eigin varnir og viðbúnað.

Mikilvægur hluti almannavarnakerfisins er að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum til að tryggja að samfélagið sé í stakk búið að takast á við hvers konar áföll. Liður í því er að skrá hvaða innviðir á Vestfjörðum myndu stórauka áfallapol fjórðungsins, og þar með landsins í heild.

5. Innviðir á Vestfjörðum

Samantektartafla

Taflan hér fyrir neðan er ekki tæmandi yfirlit yfir alla innviði sem nefndir eru í skýrslunni, aðeins þá innviði þar sem brýn sem þörf er á úrbótum og saman fer borgaralegt og varnarlegt mikilvægi.

Innviðir	Kostnaður	Borgaralegt mikilvægi	Varnarlegt mikilvægi	Framkvæmanleiki	Samtals
Búnaður þjörgunarsveita	3	3	3	3	12
Farnet á vegum	2	3	3	3	11
Endurnýjun ljósleiðara og hringtengingar	3	2	2	3	10
Hvalárvirkjun, uppbygging og tenging	3	3	2	2	10
Viðhald flugvalla	2	3	3	2	10
Leiðsagnarinnviðir fyrir flug og skip	2	2	3	2	9
Tvöföldun Vesturlínu	2	3	2	2	9
Jarðgöng	1	3	1	3	8
Bíldudalsvegur	2	2	1	2	7
Innstrandavegur	2	2	1	2	7

Um töflu

Gefnar eru einkunnir á bilinu 1–3, þar sem 1 er lág einkunn en 3 há einkunn.

- **Kostnaður:** Fyrir kostnað sem mældur er í tugum milljóna er gefin einkunnin 3, fyrir hundruð milljóna einkunnin 2 og fyrir milljarða einkunnin 3. Ekki er nákvæm kostnaðaráætlun til grundvallar þessu grófa mati.
- **Borgaralegt mikilvægi:** Mat skýrsluhöfunda á borgaralegu mikilvægi.
- **Varnarlegt mikilvægi:** Mat skýrsluhöfunda á varnarlegu mikilvægi.
- **Framkvæmanleiki:** Mat á framkvæmanleika svo sem tímalengd sem verkefni tekur, flækjustigi, umfangi, óáreiðanleika og ófyrirsjáanleika í uppbyggingu.

5.1. Búnaður og húsnæði björgunarsveita

Grunnviðmið 1: Tryggja samfellu í stjórnsýslu og lykilþjónustu stjórnvalda

Grunnviðmið 4: Áfallapol matar- og vatnsaðfanga

Grunnviðmið 5: Geta til að meðhöndla fjölda slasaðra og heilbrigðisvá

Björgunarsveitir á Íslandi eru ásamt almannavarnarviðbragði hryggjarstykki í viðbúnaði við hverskonar hamförum eða krísuástandi sem komið getur upp. Stóráföll á Vestfjörðum undanfarna áratugi hafa sýnt að björgunarsveitir á svæðinu koma á einn eða annan hátt að nánast öllu því sem talist getur til grunnþjónustu, afhendingu matar og aðbúnaðar og meðhöndlun og flutningur á slösuðum í samstarfi við þá aðila sem fara með lögbundið almannavarnahlutverk. Búnaður, rekstur og húsnæði björgunarsveita er því lykilþáttur í að tryggja áfallapol Vestfjarða og landsins í heild, og ef til átaka kæmi gæti sá aðbúnaður, tæki og húsnæði sem björgunarsveitir hafa úr að ráða skipt sköpum. Þá gæti rétt búið húsnæði björgunarsveita hýst birgðir og neyðaraðstöðu til gistingar fyrir minni sérsveitir eða varnarlið.

Samkvæmt vef Landsbjargar eru 20 deildir skráðar á Vestfjörðum, á sumum stöðum fleiri en ein (svo sem björgunardeild og unglingadeild).

Björgunarsveitir gegna lykilhlutverki í vörnum Íslands. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir utanríkisráðherra fjallaði um þær í [nýlegri grein í Vísi](#). Þar sagði hún meðal annars: „Þegar við tölum um öryggi og varnir hugsum við iðulega um stóru sviðin - NATO, alþjóðasamstarf og varnarsamninga. En í raun byrjar öryggi Íslands heima. Það byrjar í samfélagi þar sem fólk er tilbúið að leggja sitt af mörkum. Fara út í myrkrið til að leita týndra ferðamanna. Aðstoða fólkið okkar í vanda. Þessi samstaða skapar öruggara og betra samfélag.“

Ríkið kemur að búnaðarkaupum björgunarsveita með ýmsum hætti. Þannig greiðir ríkið stóran hluta af kostnaði við endurnýjun björgunarskipaflota Landsbjargar sem stendur yfir þessi misserin, en hverri deild er uppálagt að fjármagna önnur tækjakaup, svo sem bíla og snjótæki. Sveitarfélög styðja víða við björgunarsveitir með framlögum og skattalegum ívilnunum.

Þetta fyrirkomulag hefur gefist býsna vel, en þegar hlutverk björgunarsveita er undirstrikað af ráðherra varnarmála er eðlilegt að aukinn fjárhagslegur stuðningur til búnaðarkaupa og húsnæðis björgunarsveita fylgi með. Um borgaralegt mikilvægi vel búinna björgunarsveita, sem geta varið sjálfbóðaliðatíma sínum til þjálfunar í stað fjáröflunar, þarf ekki að hafa mörg orð.

5.2. Farnet á vegum og neyðarfjarskipti

Grunnmarkmið 6: Áfallapolið borgaralegt fjarskiptakerfi


Grunnviðmið 6 snýst um að tryggja að fjarskiptakerfi, þar með talið internetið, og 5G standist álag á krísutímum og að varaleiðir séu tryggðar. Öruggr fjarskipti eru lykilatriði í stjórn og eftirliti, viðvörðun til almenninga og grunnviðmið NATO um áfallapolið borgaralegt fjarskiptakerfi og að varaleiðir séu tryggðar. Að greina, forgangsraða og byggja upp sendakerfi er grundvöllur í áfallapoli Vestfjarða sem og eru fjarskipti lykilatriði fyrir aðra þætti ef til krísuástands kæmi, svo sem grunnviðmið 1 um samfellda stjórnsýslu og lykilþjónustu stjórnvalda, grunnviðmið

Farnet á stofnvegum á Vestfjörðum er gloopótt. Hið sama á við um neyðarfjarskipti viðbragðsaðila (núverandi Tetra kerfi). Net senda sem þjóna farneti og öryggisfjarskiptum fyrir viðbragðsaðila er ekki nógu þétttriðið. Greining og forgangsröðun í uppbyggingu sendakerfis liggur fyrir í minnisblöðum Fjarskiptastofnunar og í Fjarskiptaáætlun Vestfjarða.

Stjórnvöld settu fram áætlun um uppbyggingu sendakerfis fyrri hluta árs 2023 samhliða endurúthlutun tíðnisviða 2G og 3G til fjarskiptafélaga, með þeirri kvöð að félögin myndu í samvinnu við Öryggisfjarskipti ehf standa að uppbyggingu kerfisins. Miðað var við að uppbyggingu yrði lokið 2026 en það mun teyfjast um tvö til þrjú ár þar sem Öryggisfjarskipti hafa ekki fengið fjármagn til síns hluta verkefnisins.

Endurskoðuð áætlun um uppbyggingu sendakerfisins er nú í vinnslu hjá fjarskiptafyrirtækjunum á [grundvelli tillagna Fjarskiptastofu](#) eftir svokallað aukasamráð. Í tillögu að þingsályktun að [Samgönguáætlun 2026-2040](#) er jafnframt áhersla á uppbyggingu farnets á stofnvegum og helstu tengivegum.

Í [svari innviðaráðherra við fyrirspurn](#) Maríu Rutar Kristinsdóttur um uppbyggingu farnets, segir að á landsvísi tefli um 850 m.kr. kostnað, þar af um 450 á Vestfjörðum til að komið væri 10 mbps á stofnvegi A-D eins og þeir eru samkvæmt [skilgreiningu Fjarskiptastofu](#),



5.3. Endurnýjun ljósleiðara og hringtengingar

Grunnviðmið 6: Áfallapolið borgaralegt fjarskiptakerfi

Net- og fjarskiptaöryggi og hagsmunir vegna þjóðaröryggis og öryggis- og varnarmála eru málefni í örri þróun sem taka verður föstum tókum. Öruggr fjarskipti eru lykilatriði í stjórn og eftirliti, viðvörðun til almennings og grunnviðmiða NATO um áfallapolið borgaralegt fjarskiptakerfi og að varaleiðir séu tryggðar.


Grunnmarkmið 1: Samfella í stjórnsýslu og lykilþjónustu stjórnvalda

Fjarskipti eru grundvöllur þess að tryggja samfellu í stjórnsýslu og aðra lykilþjónustu stjórnvalda. Á neyðar- og krísutímum eru traust fjarskipti grundvöllur þess að tryggja að samskipti á sveitarstjórnarstigi sem og staðbundin ákvarðanatataka og neyðarsamhæfing haldist virk við árás eða stórt bilun.

Ljósleiðarastrengur milli Staðarskála til Súðavíkur var lagður 2013 og tengdur 2014. Fyrir var svokallaður NATO-strengur sem lagður var 1986 frá Búðardal og þaðan vestur um að ratsjárstöð á Bolafjalli. Hluti ljósleiðarapráða NATO-strengs er notaður í borgaralega umferð og því mynda þessir tveir strengir hringtengingu ljósleiðara á Vestfjörðum. Almennur líftími ljósleiðarastrengja er um 20 ár og því ljóst að ekki er hægt að treysta í mörg ár til viðbótar á streng sem nálgast 40 ára aldur.

Milli Súðavíkur og Ísafjarðar liggur ljósleiðari sem hefur takmarkaðri flutningsgetu og skapar óöryggi í hringtengingu ljósleiðara á Vestfjörðum. Í tengslum við lagningu rafstrengs til Súðavíkur vegna kalkþörungaverksmiðju sem þar rís á næstu misserum, verður lagður nýr ljósleiðari.

Í febrúar 2025 [samþykkti ríkisstjórnin](#) að fjármagna samning um varaleið um gervihnött fyrir grunninnviði ef ljósleiðarasamband við útlönd rofnar alfarið.



Ísafjörður er með hringtengdan ljósleiðara

Á korti frá Mílu sést að út frá hringtengingu Vestfjarða liggja einfaldir strengir á marga þéttbýlisstaði, þar á meðal Patreksfjörð, Flateyri, Suðureyri og Bolungarvík, þar af eru tveir síðarnefndu staðirnir með lengsta einfalda legginn.

5.4. Hvalárvirkjun

Grunnvíðmið 2: Áfallapol orkuaðgengis

Að tryggja orkuöryggi og óhefta afhendingu, sem og varabirgðir til að bregðast við töfum er grundvöllur þess að áfallapol samfélags haldi á hverskonar krísutímum. Hvalárvirkjun tryggir aðgengi að afli á afltoppum og stórri vatnsmiðlum og tryggir þar með að Vestfirðir þurfa ekki að reiða sig á orkuframleiðslu eða orkuflutning annars staðar frá. Langar flutningsleiðir raforku og erfitt veðurfar skapa áfram áhættu í orkuaðgengi og varaafleiðing og varabirgðir verða því áfram til staðar en með breyttum hætti.

Hvalárvirkjun hefur verið í rammaáætlun frá 2013, fyrst með 35 MW afli en var 2017 virkjunin endurhönnuð og uppfærð í 55 MW og 320 GWh framleiðslugetu. Virkjunin er einnig með stóra vatnsmiðlun sem tryggir framleiðslu yfir vetrarmánuði þegar bráðnun og afrennsli er í lágmarki.

Þessar forsendur samsvara orkuþörf atvinnulífs og samfélaga á Vestfjörðum til næstu 5 til 10 ára. Með Hvalárvirkjun geta Vestfirðir því verið sjálfbærir með rafmagn, að minnsta kosti til styttri tíma lítið. Þannig mætti keyra Vestfirði sem rafmagnseyju ótengda meginflutningskerfi Íslands. Með þessu eykst áfallapol raforkukerfis Vestfjarða og landsins alls gagnvart skemmdum eða truflunum á flutningskerfi raforku. Hvalárvirkjun er einnig viðbót í raforkukerfi landsins sem virkjun utan eldvirks svæðis.

Bygging Hvalárvirkjunar mun umbreyta stöðu raforkukerfis á Vestfjörðum með tvennum hætti er varðar þörf á varaafli og með því að bæta kerfisstyrk. En samfélög og atvinnulíf á Vestfjörðum hafa um langa hríð búið við mikla sérstöðu raforkukerfisins miðað við aðra landshluta. Sérstaðan felst í því að framleiðsla á raforku innan Vestfjarða er og hefur um langa hríð verið að meðaltali um þriðjungur af orkuþörf og orkunotkun svæðisins. Hlutfall forgangsorku er einnig mjög hátt sem er í takti hátt hlutfall rafhitunar miðað við aðra hluta landsins. Þessari stöðu hefur verið mætt með varaafsstöðum í öllum byggðakjörnum Vestfjarða sem keyrðar eru þegar bilanir eru í flutningskerfinu. Samanlagt geta þessar stöðvar framleitt um 30 MW sem með núverandi vatnsafli (um 15 MW) hafa náð að tryggja forgangsorku.

Síðan er sérstaða hve flutningskerfi innan og til Vestfjarða hefur verið veikt fyrir áföllum og verri kerfisstyrk miðað við aðra landshluta. Þessi lági kerfisstyrkur á Vestfjörðum skapast af víðfeðmu flutningskerfi og að ekki er til staðar notkun eða framleiðsla á raforku sem eykur flutning raforku nægjanlega til að skapa ásættanlegan styrk.

Samkvæmt greiningum Landsnets á flutningskerfinu á Vestfjörðum þá nást ekki viðunandi úrbætur á kerfisstyrk nema að framleiðandi (virkjun) framleiði að lágmarki 25 MW eða meira hverju sinni. Hvalárvirkjun er eini virkjunarkosturinn í Rammaáætlun sem getur uppfyllt þessa forsendu og því eini valkosturinn á Vestfjörðum í þessum efnum. Að mati Landsnets er áætlað að virkjun Hvalár og tenging við flutningskerfið muni bæta gæði afhendingar um 90% miðað við stöðuna í dag. Eins hefur verið áætlað að afköst flutningskerfisins til Vestfjarða fari úr rúmum 50 MW í um 150 MW sem skapar forsendur fyrir staðsetningu stærri notenda innan Vestfjarða.

Samantekið þá mun Hvalárvirkjun samhliða uppbyggingu flutningskerfis með hringtengingum, draga úr þörf fyrir rekstri varaaflskerfis í hverjum byggðakjarna á Vestfjörðum. Ekki er ljóst hvort leggja megi varaafli alveg af eða reka eigi hluta kerfisins áfram. Hér þarf að meta áhættu við þá

breytingu og áhrif þess á olíubirgðir Orkubús Vestfjarða og Landsnets sem reka varaflstöðvar í dag. Síðan þarf að horfa til heildarmyndar hvernig tryggja þarf almennt að olíubirgðir í landinu og hverjum landshluta fyrir sig og að flutningar eldsneytis milli landshluta séu tryggir.

Einn stærsti hjallinn við uppbyggingu Hvalárvirkjunar er síðan hið svokallaða tengigjald, sem virkjunaraðilar þurfa að greiða Landsneti til að hægt sé að taka raforkuna inn á flutningskerfi þess. Miðað við opinberar skýrslur er þetta gjald 6–7 ma.kr. Ef flutningskerfi raforku væri víðar og sterkara á Vestfjörðum væri þetta gjald ekki svona hátt, og með því að Hvalárvirkjun tengist inn á kerfið getur Landsnet frestað eða minnkað aðrar fjárfestingar sem nauðsynlegar væru ella til að halda uppi ásættanlegum þjónustugæðum, sjá hér síðar umfjöllun um tvöföldun Vesturlínu.

Tvennt getur komið hér til. Annars vegar að Landsnet lækki tengigjaldið með þeim rökstuðningi að félagið þyrfti ella að leggja út í annan kostnað við aukið afhendingaröryggi sem ekkert tengigjald kemur á móti. Hins vegar að ríkið komi með beinum hætti að niðurgreiðslu tengigjaldsins. Sem andsvar við gagnrýni um ólöglega ríkisstyrki, væri þá litið til þjóðhagslegs mikilvægis og aukins áfallapols þessarar virkjunar sem setur hana í aðra stöðu en aðrar virkjanir á landinu.

Annað viðfangsefni eru endurbætur og nýframkvæmdir á Strandavegi norður í Árneshrepp, sem nauðsynleg er til að Hvalárvirkjun geti orðið að veruleika. Vegagerðin hefur fengið óskir um vegabætur, sem vitanlega munu standa að framkvæmdum loknum og nýttast íbúum og ferðamönnum.

5.5. Viðhald flugvalla

Grunnviðmið 6: Áfallapolið borgaralegt fjarskiptakerfi

Net- og fjarskiptaöryggi og hagsmunir vegna þjóðaröryggis og öryggis- og varnarmála eru málefni í örri þróun. Öruggr fjarskipti og staðsetningartæki eru lykilatriði í stjórn og eftirliti, viðvörðun til almennings og grunnviðmiða NATO um áfallapolið borgaralegt fjarskiptakerfi og að varaleiðir séu tryggðar.

Grunnviðmið 7: Áfallapol borgaralegs samgöngukerfis

Leiðsögukerfið bætir við öryggi í flugleiðsögn yfir Vestfjörðum, bætir einnig siglingarleiðsögn, getur leyst af jarðbundna stefnuvita og eykur sveigjanleika við að þrengja og sveigja skilgreindar siglingaleiðir. Þar með bætir það getu til að flytja borgaralega starfsmenn, heri Atlantshafsbandalagsins sem og og vistir til viðhalds fyrir fyrirfram skipulögð notkun borgaralegrar og hernaðarlegrar starfsemi.

Þrír flugvællir eru á Vestfjörðum með reglulegt áætlunarflug; Ísafjarðarflugvöllur, Bíldudalsflugvöllur og Gjögurflugvöllur. Talsvert fleiri voru í rekstri á síðustu öld og fram á þessa fyrir áætlunarflug en hafa þeir smám saman verið aflagðir samfara bættum vegasamgöngum eða skilgreindir sem landingarstaðir. Flugvællirnir á Patreksfirði, Holti í Öndarfirði og Suðureyri hafa verið aflagðir en landingarstaðir eru á Hólmavík, Þingeyri, Reykhólum og Reykjanesi í Ísafjarðardjúpi. Í skýrslu starfshóps innviðaráðuneytis um öryggishlutverk landingarstaða [Öryggi landingarstaða](#) var farið yfir hlutverk þeirra í víðum skilningi. Vegna neyðarviðbragðs á Vestfjörðum var lögð áhersla á viðhald flugvallar á Hólmavík og bætt aðflug að Bíldudal og hafa tillögur starfshópsins að hluta verið útfærðar er varðar Bíldudalsflugvöll.

Mikilvægt er að allir þrír áætlunarflugvællirnir haldi áfram að vera í rekstri. Í því felst að þar sé flugleiðsögubúnaður, slökkvibúnaður, þjálfður mannskapur og fleira. Landhelgisgæslan hefur bent á að birgðahald eldsneytis til dæmis á Ísafirði sé nauðsynlegt svo þýrlur hennar geti sinnt útkalli norður fyrir land.

Aðflugsbúnaður hefur smám saman batnað við Ísafjarðarflugvöll og Bíldudalsflugvöll. Ný og betri útfærsla “GPS aðflugs” að Bíldudalsflugvelli verður tekið upp í byrjun árs 2026 en uppsetning nýrra hindranaljósa myndi bæta það til muna fyrir flug í myrkri eða við myrkurmörk. Innviðafélag Vestfjarða lagði til í [mars 2025](#) l að endurvakin yrði hugmynd um staðarvalsgreiningu fyrir nýjan flugvöll, en [þingsályktunartillaga frá 2018](#) um það náði ekki fram að ganga. Við þinglega meðferð þeirrar tillögu komu fram [áhugaverðar umsagnir](#), meðal annars frá Ísavia og Landhelgisgæslunni.

Í kjölfar tilkynningar Ícelandair um að hætta flugi til Ísafjarðar í lok sumars 2026 hóf Vegagerðin vinnu við markaðsgreiningu. Frumdrög vinnunnar voru kynnt í lok september 2025, en þegar þetta er ritað er skýrslan ekki enn komin út. Þar kom meðal annars fram að nær engar flugvélar eru enn smíðaðar sem henta flugi til Ísafjarðar nema Dash Q-200 vélarnar sem nú eru notaðar.

Ein ályktun sem draga má á grundvelli þeirra gagna sem liggja þó fyrir, er að vegna mikils stofnkostnaðar flugvéla sem taka að minnsta kosti 20 farþega og lent geta á Ísafjarðarflugvelli er nauðsynlegt að rekstrarforsendur séu tryggðar með opinberum stuðningi. Ef Dash-vélarnar verða seldar úr landi er hætt við að ekki yrði aftur snúið. Þá hefur komið fram að væntingar um framleiðslu

á rafmagnsflugvélum eða flugvélum með blandað eldsneyti hafa ekki staðist tímaáætlanir. Þar er þó spennandi þróun í gangi sem vert er að gefa gaum.

Í [svari innviðaráðherra við fyrirspurn](#) Njáls Trausta Friðbertssonar um uppbyggingu flugvalla til varna landsins kom fram að ekki væri gert ráð fyrir neinni uppbyggingu á flugvöllum á Vestfjörðum í tengslum við bætta varnargetu landsins. Þó kom fram að ráðherra sæi ekkert því til fyrirstöðu að slík uppbygging teldist til 1,5%-útgjaldanna.

5.6. Leiðsögukerfi fyrir flug og skip (EGNOS)

Grunnviðmið 6: Áfallapolið borgaralegt fjarskiptakerfi

Net- og fjarskiptaöryggi og hagsmunir vegna þjóðaröryggis og öryggis- og varnarmála eru málefni í örri þróun. Öruggr fjarskipti og staðsetningartæki eru lykilatriði í stjórn og eftirliti, viðvörðun til almennings og grunnviðmiða NATO um áfallapolið borgaralegt fjarskiptakerfi og að varaleiðir séu tryggðar.

Grunnviðmið 7: Áfallapol borgaralegs samgöngukerfis

Leiðsögukerfið bætir við öryggi í flugleiðsögn yfir Vestfjörðum, bætir einnig siglingarleiðsögn, getur leyst af jarðbundna stefnuvita og eykur sveigjanleika við að þrengja og sveigja skilgreindar siglingaleiðir. Þar með bætir það getu til að flytja borgaralega starfsmenn, heri Atlantshafsbandalagsins sem og og vistir til viðhalds fyrir fyrirfram skipulögð notkun borgaralegrar og hernaðarlegrar starfsemi.

EGNOS (The European Geostationary Navigation Overlay Service), er evrópskt staðsetningarkerfi sem byggt hefur verið upp frá því fyrir síðustu aldamót og vinnur með Galileo gervitunglum og er hliðstætt GPS-kerfinu en ætlað að mæta þörfum Evrópu. Sérstaklega er það mikilvægt fyrir norður Evrópu þar sem halli á merki „fastra“ gervitungla við miðbaug leiðir til bjögunar eftir því sem norðar dregur.

EGNOS kerfið eykur nákvæmni við leiðsögn flugs og skipa með gervihnattamerki og leiðréttingu þeirra með jarðstöðvum. Kerfið nær í dag til helmings Íslands og skerst um það mitt frá norðri til suðurs og því stuðnings eru tvær jarðstöðvar í Reykjavík og Egilsstöðum, byggðar 2010.

EUSPA (European Union Agency for the Space Programme) stýrir uppbyggingu og skiptingu á fjármagni til kerfisins í hverju landi fyrir sig þar með talið útboðum. Íslenska ríkið er aðili að verkefninu og greiðir inn í verkefnisáætlunina gegnum EES samninginn.

Að hálfu innviðaráðuneytis er markmið Íslands með þátttöku í verkefninu skýrt, að EGNOS nái einnig til vesturhluta landsins. Til að ná yfir vesturhluta landsins þarf tvær nýjar jarðstöðvar til leiðréttingar á merki gervitungls. Tafir hafa hinsvegar verið á uppbyggingu kerfisins á Íslandi eftir árið 2010 m.a. vegna efnahagshrunsins, en hreyfing komst að nýju á undir lok áratugarins en hefur unnist hægt.

Eftir 2020 var málið tekið fastari tökum og óskað eftir við EUSPA að hraða verkefninu á vesturhluta landsins og árið 2022 kom ákvörðun að hálfu EUSPA að hefja vinnu við það. Staðan árið 2025 er að önnur stöðin hefur verið byggð upp á Keflavíkflugvelli og ákveðið að hin stöðin verði við Hólmavík.

Íslenskir aðilar koma að uppsetningu jarðstöðvarinnar en EUSPA sér um útboð og tæknilegar hliðar, meðal annars um færslu gervitunglsins (reyndar var einnig inni í myndinni að bæta við gervitungli) og hugbúnaðaruppfærslur. Þessar tvær stöðvar eru af 3. kynslóð en eldri stöðvar frá 2010 eru af 2. kynslóð og einnig verður ný stöð byggð upp við Egilsstaði af 3. kynslóð.

Samkvæmt upplýsingum ISAVIA ANS, mun EUSPA bjóða byggingu jarðstöðvarinnar undir lok árs 2025 og er miðað við að framkvæmdum verði lokið 2026. Tæknibúnaður verður þá settur upp og þá hefst tímabil prófana á kerfinu, sem áætlað geti staði á annað ár. Kerfið verður því í fyrsta lagi

nothæft í lok árs 2028, en EUSPA hefur þó fyrirvara um að ýmislegt gæti tafið verkefnið tæknilega og einnig beini innrásarstríð Rússa í Úkraínu b athyglinni á austurhluta Evrópu.

Fyrir flugleiðsögn á Vestfjörðum munu þessar úrbætur ekki bæta lokaaðflug í hinum þröngu fjörðum, en bæta þó við öryggi í flugleiðsögn yfir Vestfjörðum og afmörkun aðflugs inn á flugvelli lokaaðflug. Kerfið bætir einnig siglingarleiðsögn og getur leyst af stefnuvita á jörðu en samt unnið með mun meiri nákvæmni fyrir siglingaleiðir sem eykur siglingaröryggi. Það gefur þá einnig möguleika að þrengja og sveigja skilgreindar siglingaleiðir og opna þannig fyrir notkun hluta svæða sem eru í dag helguð hvítum ljósgeira ljósvita.

5.7. Tvöföldun Vesturlínu frá Kollafirði í Mjólka

Grunnvíðmið 2: Áfallapol orkuaðgengis

Tenging Mjólkár er stór liður í að tryggja orkuöryggi og afhendingu raforku, sem og varabirgðir til að bregðast við töfum. Tenging Mjólkár og Kollafjarðar auk tengingar frá Hvalárvirkjun í nýtt tengivirki í Kollafirði verður ígildi tvítengingar fyrir Vestfirði með tengingu í Mjólka. Þetta mun bæta kerfisstyrk og afhendingaröryggi í fjórðungnum til muna, en að lokum mun þurfa tvítengingu frá Mjólka í Hrútafjörð.

Hnútpunktur vestfirskis raforkukerfis er í Mjólka og er skilgreindur afhendingarstaður raforku landshlutans í flutningskerfi Landsnets. Samkvæmt þingsályktun 26/148, frá 2018, um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku skal tvítengingu (N-1) skilgreindra afhendingarstaða í hverjum landshluta vera lokið 2030.

Tenging Mjólkár við flutningskerfið er um eina flutningslínu, Vesturlínu, frá Hrútafirði í Mjólka. Flutningsgeta og gæði afhendingar (kerfisstyrkur) eru til muna verri en í öðrum landshlutum sökum lengdar línunnar og erfiðrar veðurskilyrða, línan er auk þess orðin gömul. Áform Landsnets eru að byggja upp nýja línu við hlið þeirra eldri og breyta tengingu Mjólkár við almennt flutningskerfi landsins í tvo leggi; frá Mjólka í nýtt tengivirki í Kollafirði og frá Kollafirði í Hrútafjörð. Samkvæmt kerfisáætlun verður vinna við tengingu Mjólkár og Kollafjarðar hafin árið 2029 og henni lokið 2031. Tenging úr Kollafirði í Hrútafjörð hefur ekki verið tímasett. Í nýtt tengivirki í Kollafirði kemur tenging frá Hvalárvirkjun (Hvalárlína) og verður þá ígildi tvítengingar fyrir landshlutann með tengingu í Mjólka. En óháð því hvort og hvenær Hvalárvirkjun verður gangsett, er nauðsynlegt að lína frá Mjólka í Kollafjörð verði tvöfölduð sem fyrsta áfanga í tvítenginu við landskerfið.

5.8. Jarðgöng

Grunnviðmið 4: Áfallapol matar- og vatnsaðfanga

Að tryggja áreiðanlegar matar- og vatnsbirgðir sem eru öruggar gagnvart skemmdarverkum eða töfum. Jarðgöng á Vestfjörðum eru liður í því að tryggja afhendingaröryggi matvæla, því ef ákveðnir samgöngukaflar lokast er ekki unnt að tryggja afhendingu nema sjóðleiðina.

Grunnviðmið 7: Áfallapolið borgaralegt samgöngukerfi

Að tryggja að varnarlið geti ferðast yfir landsvæði Atlantshafsbandalagsins með greiðum og hröðum hætti en á tryggja að borgaralegir innviðir geti reitt sig á samgöngukerfið á sama tíma.

Án sumra þeirra jarðgangnaframkvæmda sem hafa stóraukið samgönguöryggi á Vestfjörðum væri áfallapol borgaralega samgöngukerfisins mjög lágt.

Þeir innviðir sem einna mest hefur verið talað um á Vestfjörðum síðustu áratugi eru jarðgöng og það er ekki að ósekju. Fern jarðgöng eru á Vestfjörðum, sem hafa umbylt samgöngum á svæðinu, fyrst á norðanverðum Vestfjörðum og svo á milli norður- og suðurfjarða. Hér verður umræðum um jarðgöng þó sleppt að mestu vegna þess að þau eru tímafrek og dýr í framkvæmd. Þó má ræða hvort jarðgöng séu heppileg loftvarnabyrgi, en hér er það metið svo, að annarsvegar sé afar ólíklegt að þörf verði fyrir loftvarnabyrgi, og hinsvegar að jarðgöng séu að flestu leyti óheppileg leið til að koma slíkum byrgjum upp. Væri sprengjuógn úr lofti raunverulega til staðar eru aðrar lausnir heppilegri og ódýrari.

5.9. Bíldudalsvegur

Grunnviðmið 4: Áfallapol matar- og vatnsaðfanga

Bíldudalsvegur er grunnur í því að tryggja áreiðanlegar matar- og vatnsbirgðir fyrir töfum. Vegurinn er sem segir í slæmu ásigkomulagi og án vetrarþjónustu vegna þess frá miðjum nóvember og fram í miðjan mars ár hvert.

Grunnviðmið 7: Áfallapol borgaralegs samgöngukerfis

Vegur sem er ófær frá nóvember til mars tryggir illa áfallapol samgöngukerfis eða ferðir varnarliðs um svæðið. Uppfærsla vegarins myndi fækka einbreiðum brúm um fjórar, og þar með gera samgöngur um svæðið töluvert greiðari, bæði í borgaralegu og varnarlegu samhengi.

Samkvæmt samgönguáætlun er lagt til að endurnýja veg frá Bíldudalsflugvelli að gatnamótum við Vestfjarðaveg 60 á Dynjandisheiði og liggur hönnun vegarins og umhverfismat fyrir. Um er að ræða 30 km af nýjum stofnvegi með bundnu slitlagi sem myndi leysa af malarveg með ónýtu burðarlagi og fjórar einbreiðar brýr. Auk þess að vera í slæmu ásigkomulagi er vegurinn án vetrarþjónustu frá miðjum nóvember fram í miðjan mars ár hvert.

Sem heilsársvegur myndi vegurinn stytta varanlega vegalengd frá Bíldudal að gatnamótum við Flókalund um 40 km og um 36 km á Ísafjörð, eins myndi vegalengd frá Tálknafirði styttest á þessa sömu staði en vera hin sama frá Patreksfirði.

Æskilegt er að framkvæmdin verði uppfærð og miðist við að endurbyggja einnig um 6 km vegkafla frá Bíldudalsflugvelli að Bíldudal, sá kafla er með slitlagi en ekki af fullri breidd samkvæmt stofnvegastaðall og myndi taka af eina einbreiða brú. Heildarvegalengd yrði því 36 km af nýjum vegi og leggja af fimm einbreiðar brýr.

5.10. Innstrandavegur

Grunnviðmið 4: Áfallapol matar- og vatnsaðfanga

Að tryggja áreiðanlegar matar- og vatnsbirgðir fyrir töfum

Grunnviðmið 7: Áfallapol borgaralegs samgöngukerfis

Að tryggja að varnarlið geti ferðast yfir landsvæði Atlantshafsbandalagsins með greiðum og hröðum hætti en á tryggja að borgaralegir innviðir geti reitt sig á samgöngukerfið á sama tíma.

Innstrandavegur er 100 km langur og liggur milli Steingrímsfjarðar og Hrútafjarðar. Með tilkomu nýs vegar um Þröskulda haustið 2009 færðist meginhluti þungaflutninga og aksturs frá Ströndum og norðanverðum Vestfjörðum af Innstrandavegi, enda stytting leiðar á höfuðborgarsvæðið um 50 km.

Vegurinn er til framtíðar litið mikilvægur hluti stofnvegakerfisins m.a. sem hluti af hringvegi um Vestfirði og því tvítengingu við hringveg 1 og er stysta vegalengd við Norðurland.

Á Innstrandavegi er bundið slitlag á 61 km og þrír kaflar malarvegir, alls 39 km, með lélegu burðarlagi og 10 einbreiðar brýr. Af þessum þremur malarköflum hefur 5 km malarkafli (5 km) á milli Þorpa og Heydalsár í Steingrímsfirði verið hannaður og er á tillögu um samgönguáætlun sem ekki var afgreidd, ákvörðun um verkefnið hefur hinsvegar verið ítrekað frestað. Aðrir hlutar vegarins hafa ekki komist á áætlun.

5.11. Brúarsmíði yfir Gufufjörð og Djúpafjörð

Grunnviðmið 7: Áfallapol borgaralegs samgöngukerfis

Þessum vegaframkvæmdum verður lokið 2027 og munu þær þá stuðla að auknu áfallapoli borgaralegs samgöngukerfis á Vestfjörðum. Fylling um Gufufjörð og Djúpafjörð ásamt byggingu brúa tryggja þar með áreiðanlegar samgöngur um Vestfjarðaveg, bæta umferðaröryggi og bæta tengingu byggða. Fækkun einbreiðra brúa mun sömuleiðis greiða og hraða ferðum um svæðið ef til flutninga á mann- eða herafla kæmi.

Vegagerð með fyllingum um Gufufjörð og Djúpafjörð ásamt byggingu brúa á þessum fjörðum er síðasti áfangi í nýframkvæmd Vestfjarðavegar 60 um Gufudalssveit, en um er að ræða áfanga með tengingu milli Hallsteinsnes milli Djúpafjarðar og Þorskafjarðar yfir í Skálanes á milli Gufufjarðar og Kollafjarðar. Verkefnið er nú á framkvæmdaáætlun Vegagerðar og skiptist í þrjá hluta, gerð fyllinga sem er að meginhluta lokið 2025, bygging á brú á fyllingu í Gufufirði og annari af tveim brúm í Djúpafirði og verkefnið hafið og stefnt að verklokum síðla árs 2026 og að lokum er unnið að útboði á smíði seinni og stærri brúar á Djúpafjörð með áætluðum verklokum síðla árs 2027.

Í heild hefur verkefnið þá staðið yfir með hléum allt frá árinu 2020 en það felur í sér að byggja nýjan veg á milli Bjarkarlundar og Skálaness við norðanverðan Breiðafjörð. Markmið framkvæmdanna er að bæta samgöngur um Vestfirði með því að tryggja áreiðanlegar og öruggar samgöngur um Vestfjarðaveg. Samtals 25,8 km langur vegur með bundið slitlag á staðli stofnvegur, með bætt umferðaröryggi og bætt tenging byggða. Alls fækkar einbreiðum brúm um fjórar og stytting á upphaflegri leið um Hjallaháls og Ódrjúgsháls nemur 21,6 km.

5.12. Heilbrigðismál

Grunnviðmið 5: Geta til að meðhöndla fjölda slasaðra og heilbrigðisvá

Ekki þarf að hafa mörg orð um mikilvægi þess að tryggja sterkt fjórðungssjúkrahús á Vestfjörðum til að viðhalda áfallapoli samfélagsins. Án sterks sjúkrahúss, með skurðstofu og fæðingarþjónustu lækkar áfallapol og geta til að bregðast við krísuástandi svo um munar.

Grunnviðmið 5 fjallar um getu til að meðhöndla fjöldadauðsföll og heilbrigðisáföll. Vestfirðir skiptast í tvö heilbrigðisumdæmi. Stærstur hluti er undir Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Sú stofnun hefur gert [tvær viðbragðsáætlanir](#), fyrir norðursvæði (sem er Ísafjarðarbær, Súðavíkurbætur og Bolungarvíkurkaupstaður) og Suðursvæði (Vesturbyggð). Reykhólahreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur og Strandabyggð falla undir Heilbrigðisstofnun Vesturlands, og er þar ein [viðbragðsáætlun sem dagsett er í júní 2024](#).

Sterkar heilbrigðisstofnanir gegna auðvitað lykilhlutverki hér, og að þær hafi búnað og mönnun til að takast á við áföll. Í þessu getur falist offjórðing í einhverjum skilningi, þar sem útgjöld eru hærri hversdags til að tryggja áfallapol þegar þörf er á. Vel búnir sjúkraflutningamenn og vettvangsliðar, starfandi skurðstofa, myndgreiningatæki og fleira má til taka. Hér verður þó ekki gerð tillaga um sérstakar framkvæmdir, umfram þau almennu tilmæli að standa vörð um öflugan heilbrigðisþjónustu.

5.13. Hafnabætur

Þar sem Vestfirðir hafa byggt atvinnulíf sitt á sjósókn eru hafnir prýðilegar. Stærsta höfnin er á Ísafirði, en hafnir á Patreksfirði, Bolungarvík, Bíldudal, Tálknafirði, Hólmavík og víðar eru öflugar þó þær geti tekið við mismiklum skipum. Fyrirætlanir um enn frekari hafnabætur, til dæmis á Patreksfirði og Bolungarvík, hníga í þessa átt, auk uppbyggingar hafnamannvirkja í Súðavík í tengslum við kalkþörungaverksmiðjuna sem þar rís á næstu misserum. Hafnabætur í tengslum við móttöku skemmtiferðaskipa hafa bætt getu hafna til móttöku stórra skipa með annað hlutverk.

Lægi eða hafnir fyrir kaþbáta var einnig skoðað. Kaþbátar þurfa talsvert mikla dýpt við bryggju og því hægt að ganga út frá því að óbreyttu að þeir myndu ekki geta lagst að bryggju á Vestfjörðum. Að því sögðu, þurfa kaþbátar mjög litla aðra innviði þurfi þeir að tengjast landi þar sem þeir lóna þar sem dýpi er nægt og nota léttabáta til flutninga til og frá landi.

Hér er því ekki gerð önnur tillaga en sú að mikilvægt er að hafnir haldi áfram uppbyggingu og viðhaldi, og að hafnabótasjóður haldi áfram að styðja við uppbyggingu innviða.

5.14. Útvarp

Lengi hefur verið litið á útvarp sem ríkan þátt í öryggi landsmanna. Nútímatækni gerir þó skynsamlegra að byggja á farneti, og því er eðlilegra að forgangsraða uppbyggingu þess fremur en útvarpssendingum á FM tíðni.

Niðurstaða

Fjárfesting í ljósleiðarastrengjum, bættum fjarskiptum, bættu orkuöryggi og áfallapolnum samgöngum á Vestfjörðum styrkir beint sjö grunnviðmið NATO – einkum grunnviðmið um samfellda stjórnsýslu (1), áfallapol orkuaðgengis (2), áfallapolið borgaralegt fjarskiptakerfi (6) og áfallapolið borgaralegt samgöngukerfi (7). Umbætur og fjárfesting í þessum innviðaverkefnum má beintengja við skuldbindingar leiðtogafundarins í Haag um varnarinnviðatengd fjárútlát upp að 1,5% af landsframleiðslu. Tillögurnar eru í samræmi við leiðbeiningar frá Atlantshafsbandalaginu og gætu sum þeirra verkefna sem lögð eru fram hér opnað leiðir fyrir tæknilegan stuðning bandalagsins sem og samfjármögnun fyrir suma þætti sem telja til varnarhagsmuni bandalagsins.

Á næstu blaðsíðu er samantektartafla þar sem innviðauppbýggingu eru gefin stig í fjórum flokkum; kostnað, borgaralegt mikilvægi, varnarlegt mikilvægi og framkvæmanleika, sem nánar er útskýrt í neðanmálstexta við töfluna.

Taflan sýnir að í efsta forgangi er **stuðningur við kaup björgunarsveita á búnaði og húsnæði** og næst kemur **uppbýgging farnets á vegum**. Jöfn í þriðja sæti eru **endurnýjun ljósleiðara**, uppbýgging og tenging **Hvalárvirkjunar** og **viðhald flugvalla**.

Tenglar

The Hague Summit Declaration

https://www.nato.int/en/about-us/official-texts-and-resources/official-texts/2025/06/25/the-hague-summit-declaration?utm_source=chatgpt.com

Fjölpáttaógnir

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/utanrikismal/oryggis-og-varnarmal/fjolthattaognir/>

The 5% defence investment commitment

<https://www.nato.int/en/what-we-do/introduction-to-nato/funding-nato#:~:text=At%20the%202025%20NATO%20Summit,strengthen%20the%20defence%20industrial%20base.>

The Scale of Russian Sabotage Operations Against Europe's Critical Infrastructure

<https://www.iiss.org/research-paper/2025/08/the-scale-of-russian--sabotage-operations--against-europes-critical--infrastructure/>

Strengthening resilience - seven baseline requirements for national resilience against which Allies can measure their level of preparedness

<https://www.nato.int/en/what-we-do/deterrence-and-defence/resilience-civil-preparedness-and-article-3#heading-1>

Atlantshafssáttmálinn

https://www.stjornarradid.is/library/09-Sendirad/NATO/Atlantshafssattmalinn_NAT.pdf

Skýrsla um mat þjóðaröryggisráðs á ástandi og horfum í þjóðaröryggismálum

https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Skyrsla_TH.OR_des22.pdf

Inntak og áherslur stefnu í varnar- og öryggismálum

<https://www.stjornarradid.is/gogn/rit-og-skyrslur/stakt-rit/2025/09/12/Inntak-og-aherslur-stefnu-i-varnar-og-oryggismalum/>

Áfallapol á grundvelli viðmiða Atlantshafsbandalagsins – Áfangaskýrsla

<https://www.stjornarradid.is/gogn/rit-og-skyrslur/stakt-rit/2025/12/12/Afallathol-a-grundvelli-vidmida-Atlantshafsbandalagsins-Afangaskyrsla/>

Fór í útkall – grein utanríkisráðherra

<https://www.visir.is/g/20252791623d/-for-i-ut-kall->

Tillögur Fjarskiptastofu um tíðniheimildir

<https://www.fjarskiptastofa.is/library?itemid=8fcff2fc-bb46-440a-850a-3e4c89ca4e36&type=pdf>

<https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-eftir-thingum/ferill/157/322/?ltg=157&mnr=322>

Samgönguáætlun 2026-2040 – þingsályktunartillaga

<https://www.althingi.is/alttext/157/s/0278.html>

Útbreiðsla háhraðaneta á þjóðvegum – Fjarskiptastofa

<https://www.fjarskiptastofa.is/library?itemid=78475c2b-2ac9-4a18-a5f6-eafc1014111e>

Ómissandi samfélagsinnviðum tryggðir varafjarskiptasamband við útlönd um gervihnetti

<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2025/02/13/Omissandi-samfelagsinnvidum-tryggdir-varafjarskiptasamband-vid-utlond-um-gervihnetti/>

Skýrsla starfshóps um öryggi lendingarstaða birt

<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/12/30/Skyrsla-starfshops-um-oryggi-lendingarstada-birt/>

Vilja nýjan flugvöll á Ísafirði- tillögur Innviðafélags Vestfjarða

<https://www.visir.is/g/20252696882d/vilja-nyjan-flug-voll-a-isa-firdi>

Staðarvalskönnun fyrir nýjan flugvöll á Vestfjörðum - þingsályktunartillaga

<https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-eftir-thingum/ferill/149/152/?ltg=149&mnr=152>

Erindi vegna máls: Staðarvalskönnun fyrir nýjan flugvöll á Vestfjörðum

<https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalin/erindi/149/152/?ltg=149&mnr=152>

Svar innviðaráðherra við fyrirspurn frá Njáli Trausta Friðbertssyni um uppbyggingu flugvalla til varna landsins

<https://www.althingi.is/altext/157/s/0216.html>

Stefnur Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða

<https://hvest.is/um-stofnunina/stefnur/>

Stefnur Heilbrigðisstofnunar Vesturlands

<https://island.is/s/hve/utgefid-efni>

